

Minnisblað

Tilvísun: 1.531.222 M1
Til: Akraneskaupstaður
Sigurður Páll Harðarson

Tilvísun verkkaupa:

27.03.2017

Efni: **Greining á umferð vegna deiliskipulags á Vallholti 5**

Umferðarrým á aðliggjandi gatnamótum

Til að kanna áhrif uppbyggingar í Vallholti 5 á umferðarrým svæðisins var framkvæmd einföld umferðargreining á nærliggjandi gatnamótum. Greiningin er framkvæmd þannig að umferð er talin á háannatíma á gatnamótunum Vesturgata/Hjarðarholt og Vesturgata/Vallholt til að kanna þjónustustig gatnamótana í dag. Þar næst er áætlaðri viðbótarumferð frá uppbyggingu bætt við og nýtt þjónustustig reiknað. Á töflunni að neðan má sjá almenna túlkun á þjónustustigi gatnamóta. Þjónustustig A er best þar sem meðaltöf allra bíla á háannaklukkustund er undir 10sekúndum. Mörkin þar sem huga þarf að stærri gatnamótum fyrir biðskyldugatnamót er þjónustugráðan C eða meðaltöf allt að 35sekúndum per bíl.

Tafla 1) Þjónustustig gatnamóta


Þjónustustig	Meðaltöf per bíl á háannatíma
A	<10sek
B	10-20sek
C	20-35sek
D	35-55sek
E	55-80sek
F	>80sek

Talið var umferð á gatnamótunum Vesturgata/Hjarðarholt og Vesturgata/Vallholt morguninn 23. mars. Á háannaklukkustund fóru um 29 bílar um Vesturgata/Hjarðarholt og 33 um Vesturgata/Vallholt. **Miðað við þessa umferð er þjónustustigið A í dag á báðum gatnamótum.**

Ekki eru til nákvæmar tölur yfir ferðamyndun íbúðahúsnæðis á Akranesi og er því notast við mælingu á ferðamyndun frá Akureyri. Þar mældist ferðamyndun fjölbýlis vera 6 bílferðir á dag og ferðamyndun einbýlis 10,4 bílferðir á dag. Samkvæmt þessu ætti nýmyndun umferðar vegna byggingu 12 íbúðum að vera 72 bílferðir á dag. Samkvæmt útreikningum verður þjónustustigið áfram A þegar nýmyndaðri umferð hefur verið bætt við umferðina sem er í dag. **Uppbyggingin hefur því lítil sem engin áhrif á þjónustustig gatnamóta við Vallholt 5.**

Umferðaröryggisrýni

Deiliskipulagstillagan var rýnd hvað umferðaröryggi varðar. Eina athugasemdin sem kom fram þar var að huga þurfi að sjónlengdum á bílastæðum við austurhlið (sjá rauðar línur á mynd að neðan). Mikilvægt að ekkert byrgi sín milli akandi og gangandi svo þeir viti af hvor öðrum í tæka tíð með fullnægjandi sjónlengdum. Að lokum er ábending um að 3 útkeyrslur frá sömu lóðinni sé óheppilegt, jafnframt að breidd útkeyrslu út í Vallholt er óþarflega breið.



Virðingarfyllt,
Albert Skarphéðinsson